

- 109 16. Amsráðið fól forseta, að reyna að útvega nokkurn styrk frá Rangárvalla- og Gullbringu sýslum og Reykjavíkurbæ til árlegs viðhalds og kostnaðar við sæluhúsið á Kolviðarhóli.
17. Amsráðið veitti hinn vanalega 100 kr. styrk af jafnaðarsjóði til sæluhússvarðarins á Kolviðarhóli, Jóns Jónssonar, og fól það jafnframt forseta að semja við hann um kaup á bæ þeim, er hann hefur byggt þar sjálfur og er hans eign, þar eð sæluhúsið sjálft hefur sýnt sig að vera alveg ónógt, til að hýsa allan þann ferðamanna-fjölda, er sækir þar að.
18. Því næst var rædd og samin áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir árið 1890, svolatandi:

## Tekjur.

1. Eptirstöðvar 1889 . . . . .	1500 kr.
2. Niðurjöfnun . . . . .	2250 —
	Alls 3750 kr.

## Gjöld.

1. Til bólusetningar og annara heilbrigðismála . . . . .	600 —
2. — ferðakostnaðar . . . . .	200 —
3. — kennslu heyrnar- og málleysingja . . . . .	» —
4. — sáttamála . . . . .	50 —
5. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	200 —
6. Ýmisleg gjöld . . . . .	1200 —
7. Eptirstöðvar . . . . .	1500 —
	Alls 3750 kr.

Síðan var fundarbókin upp lesin og fundi slitið 29 júní.

E. Th. Jónassen Ísl Gíslason Sæm Jónsson

Reykjavík h. 4. okt. 1889.

E. Th. Jónassen.

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu 3.—5. júní 1889.

Ár 1889, 3. dag júnímán., var aðalfundur amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu settur á Akureyri og haldinn af amtmani J. Havsteen, forseta amtsráðsins, ásamt amtsráðsmanni Einari umboðsmanni Ásmundssyni í Nesi og varaamtsráðsmanni Ólafi umboðsmanni Briem á Áltgeirsvöllum.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Framlagðir voru eptirfylgjandi reikningar fyrir 1888 yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða, sem standa undir umsjón amtsráðsins.
  - a. Búnaðarsjóðs Norður- og Austuramtsins,
  - b. Búnaðarskólasjóðs Norður- og Austuramtsins,
  - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munadarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað,
  - d. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar til fátækra í Vallanessókn.
  - f. Prentsmiðjúsjóðs Norður- og Austuramtsins. Amsráðið fann það að athuga við

reikniuginn yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðsins, að eigi var fært til endilegra útgjalda vangoldið búnaðarskólagjald af brennisteinsnámum landssjóðsins í Þingeyjarsýslu (Hlíðar- og Fremrinámum) fyrir 1886 og 1887, eins og amtsráðið hafði afráðið á fundi sínum 16. apríl 1888 að gjöra skyldi (sbr. Stjórnartíðindi 1888, B. bls. 81), enda var talið í reikningi þeim, sem fyrir liggur, með eptirstöðvum vangoldið búnaðarskólagjald af námunum fyrir 1888, en á því ári höfðu námarnir heldur eigi verið notaðir. Amtsráðið ályktaði, að láta allt hið vangoldna hverfa úr reikningunum eptirleidis.

110

2. Amtsráðið veitti úr Búnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins Guðmundi kennara Hjaltasyni á Bægisá 50 kr. sem verðlaun fyrir góðar framkvæmdir hans við túna-sljettun eptir nýrri aðferð, og Hólaskóla 150 kr.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1888 var framlagður, endurskoðaður og samþykktur.
4. Var samin og samþykkt svofelld

### ÁÆTLUN

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1890.

1. Áætlaðar eptirstöðvar frá 1889 . . . . .	500 kr.
2. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .	3000 —
	Alls 3500 kr.

### Gjöld.

1. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	350 —
2. Til sáttamála . . . . .	50 —
3. — heilbrigðismála . . . . .	300 —
4. — menntamála (hjer af til amtsbókasafnsins 200 kr.) . . . . .	1000 —
5. — heyrnar- og málleysingja . . . . .	750 —
6. 3. afborgun og leigur af Skjálfandaflijótsbrúarláninu . . . . .	400 —
7. Til fangahúsanna . . . . .	100 —
8. Óviss útgjöld . . . . .	550 —
	Alls 3500 kr.

(Framhald).!

### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1888 og 1889.

13. gr. B, V. b. 2.

Samkvæmt tillögum stíptisyrvaldanna og meðmælum hlutadeigandi sýslunefnda skipti landshöfðingi styrk þeim fyrir árið 1889, er ræðir um í þessum fjárlagalið, milli nefndra sveitakennara:

1. Í Húnavatnssýslu:
  - a. Frímanni Guðmundssyni á Kjalarlandi . . . . . 50 kr.
  - b. Halldóri Halldórssyni á Móbergi . . . . . 40 —
  - c. Eggerti Helgasyni í Helguhvammi . . . . . 30 —
  - d. Stefáni H. Eiríkssyni í Blöndudalshólum . . . . . 25 —
2. Í Skagafjarðarsýslu:
  - Guðvarði Guðvarðarsyni á Á . . . . . 40 —
3. Í Þingeyjarsýslu:
  - a. Sveini Sveinssyni á Hóli . . . . . 35 kr.
  - b. Baldvin Bergvinssyni á Veigastöðum . . . . . 25 —
  - c. Guðmundi Hjaltasyni í Axarfirði . . . . . 30 —
  - d. Bjarna Bjarnarsyni á Grjótnesi . . . . . 25 —

Flyt 300 kr.

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu, 3.—5. júní 1889.

(Framh.).

5. Var framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld bókasafns Norður- og Austuramtsins fyrir 1888. Amtsráðið endurskoðaði reikning þenna og fann ekkert við hann að athuga. Amtsráðið lagði til bókasafnsins 200 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár, og skyldu þar af ganga 100 kr. sem 4. afborgun fyrir stofu í fanga-húsinu á Akureyri.
6. Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Ytri-Ey 300 kr. styrk úr jafnaðarsjóði, en forseta var kunnugt um framkvæmdir skólans á fyrri hluta skólaársins 1888—89 af skýrslum þeim, sem honum höfðu verið sendar áleiðis til landshöfðingja, og að öðru leyti af brjefi landshöfðingja 25. febr. þ. á., um útbýting styrksins úr lands-sjóði milli Ytri-Eyjar skólans og Laugalands skólans. Amtsráðið ályktaði, að stjórn kvennaskólans á Ytri-Ey skyldi eptirleiðis senda til amtsráðsins sjerstaka skýrslu um nemendafjöldann og kennsluna á skólanum, sem leggjðist til grundvallar við útbýting styrksins úr jafnaðarsjóði, og enn fremur endurrit af síðasta reikningi yfir tekjur og gjöld skólans, sem sýslunefndin hefði úrskurðað.

Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Laugalandi 300 kr. úr jafnaðarsjóði, og voru framlagðar skýrslur um tölu námsmeysja á síðari hluta skólaársins 1888—89, og nýafstaðið vorpróf. Amtsráðið ályktaði, að skólastjórnin skyldi sömuleiðis senda endurrit til amtsráðsins af hinum síðasta úrskurðaða reikningi yfir tekjur og gjöld skólans.

7. Samkvæmt skýrslu landlæknisins 23. febr. þ. á. um kostnað þann, sem hann hefur lagt út til þess að útvega nægilegt bóluefni handa læknum og bólusetjurum hjer í amtinu á árinu 1888, og um kostnað þann, sem framvegis gengi til slíkrar útvegunar árlega, á meðan hið konunglega heilbrigðisráð gæti eigi látið meira bólu-efni til ókeypiss, en hingað til hefði verið gjört — en heilbrigðisráðið hefur látið í veðri vaka, að það, ef til vildi, mundi síðar meir geta sent hingað að kostnaðarlausu riflegra bóluefni en áður frá bólusetningarstofnuninni í Kaupmannahöfn — veitti amtsráðið samþykki sitt til þess, að landlækninum yrðu greiddar þegar 50 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir 1889, og árlega sama upphæð fyrst um sinn.
8. Forseti lagði fram erindi frá hreppsnefndinni í Grýtubakkahreppi, þar sem hún kvartaði yfir því, að sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hefði í fyrra og aptur nú á síðastliðnum vetri fellt úr gildi þá úrskurði um sveitarútsvarskæru bræðranna Baldvins, Þórðar og Bjarnar Gunnarssona frá Höfða, að þeir skyldu allir þrír vera lausir við að greiða útsvör þau, sem hreppsnefndin hafði á þá lagt haustið 1887, og hinir tveir fyrst nefndu lausir við útsvörin til hreppsins, sem lögð höfðu verið á þá haustið 1888. Amtsráðið, sem eigi fann ástæðu til að heimta álit sýslunefndarinnar um þetta mál, eins og það lá fyrir, og sem hafði sjer í lagi fyrir sjer útskript úr gjörðabók sýslunefndarinnar viðvíkjandi fundarhaldi hennar 4.—5. apríl þ. á. ljét í ljósi hina sömu skoðun og áður um líkt tilfelli (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 4.—5. og 7. jan. 1884, Stjórnartíðindi 1884, B. bls. 91—92, sem sje, að það lægi fyrir utan verksvið sýslunefnda, að kveða á um það, hvort menn væru skyldir til að greiða sveitarútsvör eða ekki, og að þeir úrskurdir, sem hjer væri

22. dag nóvbr.mán. 1889.

spursmál um, væri alls ekki bindandi fyrir hreppsnefndina í Grýtubakkahreppi, sem væri frjálst eptir sem áður að skjóta úrlausn þeirrar spurningar, hvort Höfðabræður væru útsvarsskyldir, undir dómstólana á þann hátt, sem lög stæðu til, og gæti hreppsnefndin sjer í lagi krafizt lögtaks á útsvarinu frá haustinu 1888, sem eigi væri enn búið að missa lögtakskraft sinn. Sýslunefndin hafði einnig sjálf kannast við, að þessu máli væri svo varið, að því mætti skjóta til dómstólanna.

9. Amsráðið tók þar næst til umræðu kæru nokkra með fylgiskjöllum og álitsskjali hlutadeigandi sýslumanns, þar sem hreppsnefndin í Reyðarfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu hafði skotið til úrskurðar amsráðsins úrskurðum sýslunefndarinnar í tjeðri sýslu á 2. og 3. gr. athugasemda hlutadeigandi endurskoðanda við jafnaðarreikning hreppsins fyrir fardagaárið 1885—86 viðvíkjandi prests- og kirkjugjöldum fjöggra þurfamanna hreppsins fyrir árin 1883—84 og 1884—85, og eins þurfalings fyrir árin 1881—82, 1882—83, 1883—84 og 1884—85, sem borguð höfðu verið úr hreppssjóði, og út af samningi, sem hreppsnefndin hafði gjört 8. ágúst 1885 við kaupmann C. D. Tulinius, og sem fór fram á, að hreppurinn borgaði 200 kr. af skuld Björns nokkurs Jónssonar á Ýmastöðum gegn því, að C. D. Tulinius afsaladi hreppsnefndinni veð það, sem hann hafði í eignum Bjarnar, að undanteknum 20 kindum og 3 skp. af saltfiski, sem veðbrjefið gæti um. Amsráðið lagði svolátandi úrskurð á þessi 2 kærutriði:

Þótt það hafi viðgengizt, eru samt engin lög fyrir því, að prests- og kirkjugjöld þurfalings, hvort sem lögmæt eru eða ekki, greiðist úr sveitarsjóði, en hvað sem þessu liður, er eigi upplýst, að lögmæt ákvörðun hreppsnefndarinnar hafi legið fyrir um greiðslu þessara gjalda, sem nema alls 76 kr. 68 a., og sem hinn páverandi oddviti hreppsnefndarinnar, síra Jóhann L. Sveinbjarnarson, hefur greitt af hendi, að eins eptir umtali utan hreppsnefndarfundar. Amsráðið ályktaði, að það eptir kringumstæðunum og vegna þess, hve væri langt frá liðið, findi ekki næga ástæðu til, að breyta úrskurði sýslunefndarinnar, sem fór fram á, að það mætti standa við svo búið, sem sje að fyrnefnd upphæð sje greidd úr sveitarsjóði Reyðarfjarðarhrepps.

Að því leyti, er snertir úrskurð sýslunefndarinnar á 3. gr. athugasemdanna við jafnaðarreikning Reyðarfjarðarhrepps 1885—86, sem fer fram á, að ágreiningur sá, sem spursmál er um, og sem er í því fölginn, að úr hreppssjóði hafa verið borgaðar 200 kr. til C. D. Tuliniusar upp í skuld Bjarnar Jónssonar á Ýmastöðum, auk þess, sem C. D. Tulinius jafnframt tók saltfisk hjá Birni fyrir 80 kr., er virðist eiga að samsvara þeim áðurnefndu 3 skpd. af saltfiski, sem voru undan skilin veðsetningarafsali kaupmannsins til hreppsins, — þrátt fyrir það þó hreppsnefndin með öllum atkvæðum gegn oddvita sínum, síra Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni, hefði litið svo á þetta, að hinar umræddu 80 kr. væri fölgnar í þeim 200 kr., sem hreppsnefndin hefði skuldbundið sig til að borga, — yrði eptir eðli sínu að sæta úrlausn dómstólanna þannig, að hreppsnefndin lögsækti kaupmann C. D. Tulinius til að endurborga þessar 80 kr., þá verður amsráðið að vísu að játa, að málefnið heyrir undir úrslit dómstólanna, en með því hinn páverandi hreppsnefndaroddviti, síra Jóhann L. Sveinbjarnarson, eptir því sem fyrir liggur, virðist hafa útborgað þessar 200 kr. úr hreppssjóði, eða látið það gott heita, að kaupmaður C. D. Tulinius færði hreppnum til útgjalda í viðskiptabók hreppsins 200 kr., þótt hreppsnefndin hefði ályktað, að hún vildi eigi

borga kaupmanni meira en 120 kr., þá ályktaði amtsráðið, að hreppsnefndinni skyldi frjálst, að ganga að síra Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni um lúkningu þessarar upphæðar, ef hún kysi það heldur, en að gjöra kröfu sína gildandi gagnvart C. D. Tuliniusi.

10. Amtsráðið samþykkti óbreytt frumvörp til nýrra reglugjörða fyrir kvennaskólana á Syðra-Lauglandi og á ytri-Ey, sem hlutaðeigandi sýslunefndir höfu samið og borið undir samþykki amtráðsins.
11. Eftir ítrekaðri beiðni sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýsu um aðra skipun á yfirsetukvennumdæmum sýslunnar, samþykkti amtsráðið, að 2. yfirsetukvennumdæminu yrði skipt í tvö umdæmi, þannig að 3. umdæmið yrði hið 4. o. s. frv. og öll yfirsetukvennumdæmi sýslunnar 11 í stað þess þau áður voru 10.
12. Sýslunefndin í Suður-Múlasýslu hafði ályktað að veita konunni Helgu Bjarnadóttur, sem eigi er prófuð yfirsetukona, 30 kr. þóknun úr sýslusjóði árlega fyrst um sinn sem yfirsetukonu í Vallahreppi, þog leitað samþykkis amtráðsins til þessa. Ráðið fól oddvita sínum, að gera út um málið, þegar fengnar væru upplýsingar um hvað meint væri með »Vallahreppi sem yfirsetukvenna-umdæmi«, því bæði 9. og 10. yfirsetukvenna-umdæmi Suður-Múlasýslu, sem áður hafa verið, ná yfir Vallahrepp.
13. Forseti lagði nú fram skýrslu og umsögn sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um kæru hreppsnefndarinnar í Staðahreppi, yfir því, að sýslunefndin í tjeðri sýslu hefði fært niður aukaútsvar Jóns bónda Jónssonar á Reynistað haustið 1887, með úrskurði sínum 24. Febr. 1888, þótt kæra Jóns til sýslunefndarinnar yfir úrskurði hreppsnefndarinnar hefði komið of seint fram, sbr. það sem fyrir er mælt í 1. gr. laga 9. jan. 1880, um breyting á tilsk. um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872. Eftir skýrslum þeim, sem sem nú lágu fyrir, var eigi hægt að sjá, að hreppsnefndin nokkurntíma hefði birt kærandanum úrskurði sína í þessu máli, 12. og 30. desbr. 1887, en með því kæra Jóns til sýslunefndarinnar, er dagsett 12. jan. 1888 en eigi komin til oddvita sýslunefndarinnar fyr en 22. febr. s. á., þá er ljóst að frestur sá, sem tiltekinn er í áðurnefndri lagagrein (3 vikur) hefur verið liðinn.

Þótt nú hjeradlútandi lagafyrirmæli, sjerilagi þegar þau eru borin saman við ákvæði sömu lagagreinar um frest þann, sem gjaldendur hafi til þess, að kæra útsvör sín fyrir hreppsnefndum, virðist benda til þess, að sýslunefnd sje sjálfráð að því, hvort hún tekur útsvarskæru, sem of seint er uppbörin, til greina eða ekki, þá varð amtsráðið að vera á þeirri skoðun, að áðurnefnd lög leyfi að eins að skjóta úrskurði hreppsnefndar í útsvarsmáli til sýslunefndar, en bindi samt áfrýjunina við ákveðinn frest, því þetta áfrýjunarleyfi stendur í mótsetningu við það, sem á eftir kemur, semsjæ að úrskurður sýslunefndarinnar sje endilegur, eða að eigi megi skjóta honum til amtráðs (að þeim tilfellum undanteknum, þar sem kvartað er yfir því að sýslunefndin hafi farið fram yfir vald sitt eða beitt ólögum), enda væri óeðlilegt í sjálfu sjer, að slík útsvarsmál mættu standa óútkljáð um alveg óákveðin tíma. Samt sem áður ályktaði amtsráðið að við svo búið skyldi standa í þetta skipti, enda var eftir skýrslu sýslumanns samkomulag orðið milli hreppsins og kærandans um útsvar hans, en ráðið vildi á hinn bóginn skora á sýslunefndina að vísa þeim útsvarskærum frá, sem kœmu of seint til oddvita, samkvæmt því, sem nú var sagt,

110

Að því leyti, sem hreppsnefndar-oddvitinn í Staðarhreppi hefur í kæruskjali sínu til amtsráðsins komizt svo að orði, að oddvita sýslunefndarinnar hefði skort heimild til, að leggja útsvarsmál þetta fyrir sýslunefndina gegn neitun sinni, vegna þess að kærnan hefði verið of seint uppbörin, þá vildi amtsráðið láta í ljósi, að þessi sköðun væri röng, því það er sýslunefndaroddvitinn eða sýslunefndin, sem ákveður hver mál hún tekur fyrir, en annað mál er það, að hún kann að komast að þeirri niðurstöðu, að vísa málinu frá.

14. Forseti skýrði frá því, að honum hefði komið til hugar, þótt eigi enn hefði verið hægt að ákveða endilega hvar aðalpóstvegir skyldu lagðir, að nokkurt fje mundi fást úr landssjóði (sbr. fjárlögin fyrir 1888–89, 10. gr. C. 5. b. og c) til kostnaðar við að bæta torfærur, sem gera mestan farartálma á aðal-póstvegum, þar sem enginn efi væri um, hvar þessir vegir skyldu liggja hjer í amtinu, sem sje í vestari hluta Húnavatnssýslu, í Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Suður-Múla-sýslu, og hefði hann því með brjefum 21. marz þ. á. skorað á sýslumennina í nefndum sýslum, nema í Skagafjarðarsýslu, að láta uppi fyrir amtsráðsfund tillögur sínar hjer að lútandi, en frá sýslumanninum í nefndri sýslu voru slíkar tillögur þegar komnar.

Tillögur þessar úr tyrnefndum 4 sýslum voru framlagðar og afráðið að senda þær til landshöfðingja, og leggja með því að á þessu sumri yrðu veittar til aðgerðar á aðalpóstvegum rúmar 7,200 kr. og til fjallvega 200 kr. Amtsráðið varð að vera sýslnefndinni í Skagafjarðarsýslu samdóma um, að mesta nauðsyn væri á því að koma upp aptur brúnni yfir Valagilsá í Norðurárdal, sem nú er á aðalpóstvegi og mikill farartálmi opt og tíðum, en þessi brú eyðilagðist í megnum leysingum og vatnsflóðum fyrir nokkrum árum skömmu eptir að búið var að koma henni upp, að hálfu leyti fyrir landssjóðsfe, (sbr. brjef landshöfðingja 6. febr. 1882, stj. tíð. 1882, B. bls. 9.) Amtsráðið ályktaði því að fara þess á leit við landshöfðingja, að hann ljeti sem fyrst rannsaka brúarstæði við Valagilsá, og þar eptir gerði ráðstafanir til, að brú kæmist þar á aptur, en ráðið getur eigi haldið að kostnaðurinn við þessa brúargerð mundi fara fram úr 1,500 kr.

15. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja 22. ágúst 1888, viðvíkjandi útbýtingu á þeim hluta styrksins til eflingar búnaði fyrir árið 1888, er samkvæmt fjárlaganna 10. gr. C. 4. c. var ætlaður til búnaðarfjelaga og Eyðaskóla og hafði landshöfðingi í því brjefi einnig fallizt á þá tillögu amtsráðsins, að styrknum milli búnaðarfjelaga skyldi á þessu yfirstandandi ári útbýtt eptir framkvæmdum fjelaganna á árinu 1888. Jafnframt því að tilkynna sýslumönnunum þetta hafði forseti amtsráðsins í brjefum 21. nóvbr. þ. á. látið í ljós, að það væri rjettast, að hlutadeigandi sýslunefndir sem fyrst tækju við bænaskrám búnaðarfjelaganna um styrk, og jarðabótaskýrslum þeirra, tiltækju ekki þær upphæðir, sem þær álitu rjett að veita hverju fjelagi í þessu sinni sýslu, heldur skyldu þær meta til dagsverka jarðabótaskýrslurnar, eptir þeim reglum, sem landshöfðingi hefði fyrirskipað að fylgja skyldi, því hver sýslunefnd gæf út af fyrir sig gæti eigi vitað hve mörg búnaðarfjelog í öllu amtinu gæfu sig fram, hven eptir tölu þeirra hlyti það að fara, hve mikill styrkur yrði veittur hverju fjelagi að tiltölu við unnar jarðabætur á árinu 1888; aptur á móti skyldi það vera ætlun- arverk amtsráðsins, að tiltaka styrktarupphæðirnar samkvæmt jarðabótaskýrslunum og mati sýslunefndanna á þeim, þar sem slíkt mat hefði átt sjer stað.

Ráðið lýsti því yfir, að það byggist við, að amtinu hlotnuðust 2400 kr. af þessari fjárveiting (6000 kr.) eins og í fyrra, og eptir sama hlutfalli og áður hefði átt sjer stað um samskonar fjárveitingar.

Að því leyti er snerti útbýting styrksins ályktaði amtsráðið að leggja það til við landshöfðingja, að Eyðaskólinn fengi 1200 kr. sem þá yrðu fyrst útborgaðar, þegar kominn væri til forseta amtsráðsins reikningur yfir tekjur og gjöld skólans fyrir 1888—89, með búreikningi og skýrslu um kennsluna á skólanum, en að hinum 1200 kr. yrði skipt milli búnaðarfjelaga.

Amtsráðið sá sjer eigi fært að verða við þeirri beiðni búnaðarfjeldags Öngulstada-hrepps í Eyafjardarsýslu að framvegis yrðu teknar til greina einnig þær jarðabætur, sem unnar væru sem skylduvinna á Þjóðjörðum, þar sem svo væri ákveðið í ályktun amtsráðsins 7. marz 1882 (Stjórnartíðindi 1882, B, bls. 110) að slíkar jarðabætur gætu eigi notið styrks af almannaþje, en þessa ályktun amtsráðsins hefir landshöfðingi 22. ágúst 1888, samþykkt sem mælikvarða fyrir úthlutun á styrk úr landssjóði til búnaðarfjelaga að minnsta kosti fyrst um sinn.

Fundi frestað til næsta dags.

16. Framlagt var brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, dags 6. maí þ. á., sem inniheldur heimtaðar upplýsingar um ýms atriði í reikningi búnaðarskólans á Eyðum fyrir 1885—86. Áður en reikningurinn yfir tekjur og gjöld skólans fyrir nefnt ár yrði endilegar samþykktur ályktaði amtsráðið að heimta nánari skýrslu viðvíkjandi 50 kr. í peningum, sem teknar hafa verið hjá Gránuffjeldagsverzlun 16. oktbr. 1885, og sem eigi verður sjeð að sjeu færðar skólanum til inntekta.

Úrskurði amtsráðsins á fundi þess 28.—29. júní 1888, um 19. og 20. gjaldlið í búnaðarskólareikningnum fyrir 1886—87, hefur eigi verið fullnægt og ber að gera það tafarlaust.

Búnaðarskólareikningurinn fyrir 1887—88 var framlagður, yfirskodaður og úrskurdaður.

Framlagður var endurskodaður reikningur skólabúsins fyrir 1887—88, og fann amtsráðið ekkert við hann að athuga. Einnig voru framlögð þessi skjöl fyrir sama ár: skýrsla um bóklega kennslu og verklegar framkvæmdir, skýrsla um próf lærisveina og útdráttur úr gjörðabók.

Ennfremur voru framlagðir þessir reikningar og skýrslur fyrir 1888—89: Jafnaðarreikningur skólabúsins, jafnaðarreikningur skólans, reikningur yfir tekjur og gjöld skólans og skýrsla um bóklega kennslu á skólanum og verklegar framkvæmdir, ásamt próftöflu. Reikninga þessa, sem voru endurskodaðir, úrskurdaði amtsráðið.

Samkvæmt beiðni sýslumannsins í Norður-Múlasýslu ályktaði amtsráðið að mæla með því við landshöfðingja, að honum mætti þóknast að veita búnaðarskólanum á Eyðum ársvextina fyrir 1888 af sjóðnum handa þeim sem bíða tjón af jarðeldi á Íslandi.

17. Framlagðir voru eptirnefndir reikningar og skjöl frá búnaðarskólanum á Hólum:
- Endurrit af 5 fundargjörðum stjórnarnefndarinnar frá 14.—16. maí, 16.—17. júní, 20.—21. oktbr. og 4. desbr. 1888, og frá 14.—16. maí 1889. Amtsráðið yfirfór endurrit þessi.
  - Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans 1887—88 með fylgiskjöllum, at-

110

- hugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara. Amsráðið yfirfór og úrskurðaði reikning þenna.
- c. Reikningur skólabúsins 1887—88 með fylgiskjölum, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og athugasemdum endurskoðenda við svörin. Amsráðið úrskurðaði reikninginn.
  - d. Endurrit af reikningi yfir tekjur og gjöld Hólakirkju frá nýári 1887 til fardaga 1888.
  - e. Athugasemdir og úrskurður um skólareikninginn 1885—86, með áritun um fullnustu úrskurðarins.
  - f. Úrskurður um skólareikninginn og skólabúsreikninginn 1886—87, með skýrslu um fullnægjugjörð úrskurða þessara.
  - g. Endurrit af reikningi skólans fyrir 1888—89, og yfirlit yfir eign hans í fardögum 1889.
  - h. Áætlun um tekjur og gjöld skólans 1889—90.
18. Framlögð voru eptirnefnd eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin:
- a. Frá Húnavatnssýslu, fundargjörðir frá 18.—23. febr. 1889.
  - b. Frá Skagafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 20.—22. febr. og 31. maí 1889.
  - c. Frá Eyjafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 6.—8. marz 1889. Sú ályktun sýslunefndarinnar, að hún vill borga af sýslusjóði legukostnað sjúkrar konu úr Ólafsfirði á spítalanum á Akureyri, er að vísu mjög mannúðleg, en fyrir slíkum útgjöldum er engin lagaheimild. Eptir því sem amsráðinu var kunnugt varð ekkert af því, að konan yrði flutt á spítalann.
- Niðurfjöfnun sýslusjóðsgjalds fyrir árið 1889 nemur 1513 kr. 98 a., en samkvæmt 43. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, sbr. 26. gr., mátti að eins jafna niður 1500 kr. 85 a. Með því að hjer munar svo litlu, samþykkti amsráðið þessa niðurfjöfnun, en vildi brýna fyrir sýslunefndinni, að leita eptirleidis samþykkis amsráðsins, þegar jafna þyrfti niður hærra gjaldi, en sýslunefndin hefur heimild til.
- d. Frá Suður-Þingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 14.—16. apríl 1889.
- Samkvæmt tillögu sýslunefndarinnar samþykkti amsráðið, að sýslunefndin hafði í eitt skipti fyrir öll veitt Guðjóni Árnasyni á Dálkstöðum 30 kr. úr sýslusjóði svo sem viðurkenning fyrir góðar og heppilegar dýralækningar hans.
- Amsráðið felldi úr gildi þá ályktun sýslunefndarinnar, að hún hafði samþykkt, að 14 kr. 80 a. mættu borgast úr sveitarsjóði Grýtubakkahrepps til kostnaðar við Þingvallafundarferðir sumarið 1888, en þessi ályktun sýslunefndarinnar er gagnstæð fyrirmælum 21. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar (sbr. skýrslu um fund amsráðsins 28. og 29. júní 1888, Stjórnartíðindi 1888, B., bls. 116—117).
- Með hliðsjón af ályktun sýslunefndarinnar viðvíkjandi skólanum í Hljeskógum veitti amsráðið skólanum 200 kr. styrk úr jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár.
- e. Frá Norður-Þingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 2.—3. maí 1889.
  - f. Frá Norður-Múlasýslu, fundargjörðir frá 17. septbr. 1888 og 13. apríl 1889.
- Amsráðið veitti samþykki sitt til þess, að jafna mætti niður sem sýslusjóðs-



gjaldi 15 aurum á hvert lausafjár- og fasteignarhundrað, eða alls 1172 kr. 63 a., en upphæð sú, sem jafna mátti niður, er 923 kr. 16 a.

110

g. Frá Suður-Múlasýslu, fundargjörðir frá 12. sept. 1888 og 10.–11. apríl 1889.

Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að jafna mætti niður sem sýslusjóðsgjaldi 18 aurum á hvert lausafjár- og fasteignarhundrað, eða alls 1092 kr. 51 e. Sú upphæð, sem jafna mátti niður, er 493 kr. 3 aurar.

19. Framlagðir voru eptirnefndir sýslusjóðsreikningar fyrir 1888, sem forseti ráðsins hafði yfirfarið, til rannsóknar og úrskurðar amtsráðsins.

1. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga, og var hann þannig samþykktur.

2. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur.

3. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fann amtsráðið ekkert að athuga, og úrskurðaði hann á þessa leið, með tilliti til þeirra athugasemda, sem endurskoðendur sýslunefndarinnar höfðu við hann gjört:

1. gr. Amtsráðið býzt við, að sýslumaður sjái um, að markeigendur, sem eigi hafa borgað hið tilsetta gjald fyrir prentun marka þeirra, gjöri þetta sem fyrst, en samt ber þess að gæta, að slík gjöld verða eigi tekin lögtaki, og væri rjettara, að kostnaðurinn við prentun markaskrárinnar væri greiddur úr sýslusjóði.

2. gr. Með því að styrkur sá, sem veittur var Þóroddstaðahreppi 1888 til þess að afstýra yfirvofandi hungursneyð, 200 kr., er ekki tilfærður í reikningnum með öðrum gjöldum, verður skuld sjóðsins við reikningshaldara til næsta árs 504 kr. 28 a., en ekki 304 kr. 28 aurar.

3. gr. Óborguð sýslusjóðsgjöld af Þóroddstaðahreppi fyrir 1886, 43 kr. 23 a., fyrir 1887, 51 kr. 73 a. og fyrir 1888, 59 kr. 68 a., býst amtsráðið við, að sýslumaður innheimti sem fyrst auðið er. En að því leyti er snerti óborguð sýslusjóðsgjöld fyrir 1888 úr Saurbæjarhreppi, 198 kr. 47 a. og úr Skriðuhreppi 182 kr. 26 a., fyrirskipaði amtsráðið, að sýslumaður skyldi hafa innheimt þessi gjöld fyrir lok septbr. næstkomandi, og beita þvingunarsektum, ef á þyrfti að halda.

4. Reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu úrskurðaði amtsráðið á þessa leið samkvæmt athugasemdum endurskoðenda sýslunefndarinnar:

1. gr. Sýslumanni ber að senda sem allra fyrst hina vantandi kvittun við gjaldlið I (kvittun sýslunefndarmanns Baldvins Jónssonar).

2. gr. Sýslumanni ber framvegis að tilhaga hinum árlegu afborgunum úr sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu og sýsluvegasjóðum Suður- og Norður-Þingeyjarsýslna upp í lánið úr landssjóði til Skjálfafljótsbrúarinnar þannig, að kvittanir landfógeta falli saman við þær upphæðir, sem greiðast eiga af hverjum þessara sjóða út af fyrir sig.

3. gr. Hin vantandi fylgiskjöl ber að senda sem allra fyrst, og sjer í lagi gildir þetta um fylgiskjölin 19—24, sem eiga að vera sannanir fyrir styrkveitingum til búnaðarfjelaga af meintum ónotuðum eptirstöðvum af búnaðarfje frá 1885 og 1886, en vöntun þessara fylgiskjala getur haft þá verkun, að Suður-

Þingeyjersýsla fari varhluta af styrk til eflingar búnaði fyrir 1889, sbr. brjef landshöfðingja 24. septbr. f. á. og brjef amtsins 10. oktbr. s. á.

Að öðru leyti fann amtsráðið að athuga:

1. Tekjumegin eru tilfærðar 235 kr. til jarðabótafjelaga (sbr. úrskurðinn á 3. gr.). Amtsráðið skorar á reikningshaldara að skýra frá því sem fyrst, hvaðan þessi tekjugrein sje komin, því sjeu það ónotaðar eptirstöðvar af búnaðarfje frá 1885 og 1886 (84 kr. og 150 kr., alls 234 kr.), þá er þessi upphæð þegar áður talin með tekjum sýslusjóðsins, sbr. brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu 21. júlí 1888.
2. Skilríki fyrir gjaldlið 2 (20 kr. til ritfanga og endurrita) vantar, sbr. 33. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og ber sýslumanni að senda þessi skilríki.
5. Reikninginn úr Norður-Þingeyjarsýslu úrskurðaði amtsráðið á þessa leið:
  1. Fylgiskjal 13 við gjaldlið 5 vantar, og ber að senda það sem fyrst.
  2. Fyrir gjaldlið 3 til ritfanga og endurrita, að upphæð 15 kr., vantar öll skilríki, sbr. niðurlag 33. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og ber reikningshaldara að senda til amtsráðsins slík skilríki, og gæta nefndra lagafyrirmæla eptirleiðis.
6. Við reikninginn úr Norður-Múlasýslu fannst ekkert að athuga, og var hann þannig samþykktur.
7. Við reikninginn úr Suður-Múlasýslu fannst að athuga, að það sje eigi beinlínis, heldur að eins óbeinlínis, að útistandandi sýslusjóðsgjöld frá árinu 1887, 115 kr. 41 e. hjá Vallahreppi og 144 kr. 79 a. hjá Fáskrúðsfjarðahreppi sjeu innkomin á árinu 1888, og hefðu innborganir á þessum skuldum átt að tilfærast tekjumegin, ekki einusinni, heldur tvisvar, og svo til jafnaðar gjaldamegin. Að öðru leyti var reikningurinn samþykktur.
20. Framlagðir voru eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1888, sem forseti amtsráðsins hafði yfirfarið, til rannsóknar og úrskurðar:
  1. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga, og var hann þannig samþykktur.
  2. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann þannig samþykktur.
  3. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fannst að athuga:
    - a. Af útistandandi sýsluvegagjöldum hjá Þóroddstaðahreppi frá fyrri árum (fyrir 1886 71 kr. 39 a. og fyrir 1887 69 kr. 91 e.) alls 141 kr. 30 a., eru hjer að eins tilfærð tekjumegin (neðst) »til jafnaðar«, eins og komizt er að orði, 69 kr. 91 e. Þannig vantar að tilfæra sýsluvegagjaldið úr tjeðum hrepp fyrir 1886, 71 kr. 39 a., sem ekki er borgað enn, bæði tekjumegin, sem eign frá fyrra ári, og útgjaldamegin, sem eign til næsta árs.  
(Framh.).

#### EMBÆTTISSKIPUN.

31. oktbr. var prestaskólakennari *Þórhallur Bjarnarson* af landshöfðingja settur til þess upp á eigin ábyrgð að þjóna dómkirkjuprestsembættinu í Reykjavík til fardaga 1890, með öllum þeim tekjum óskertum, sem embætti þessu fylgja.

## Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna:

110

*Konungleg auglýsing* um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 15. okt. 1889 (A, nr. 9, bls. 36—37).

*Fjárlög fyrir árin 1890 og 1891*, undirskrifuð af konungi 28. okt. 1889 (A, nr. 9, bls. 38—67).

*Fjáráukalög fyrir árin 1886 og 1887*, undirskrifuð af konungi 28. okt. 1889 (A, nr. 9, bls. 67—71).

*Fjáráukalög fyrir árin 1888 og 1889*, undirskrifuð af konungi 28. okt. 1889 (A, nr. 9, bls. 72—75).

*Lög um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1886 og 1887*, undirskrifuð af konungi 28. okt. 1889 (A, nr. 9, bls. 76—79).

*Auglýsing* um að auglýsing frá stjórnarráði Íslands 8. nóvbr. 1888 skuli að nokkru leyti úr gildi felld, undirskrifuð af ráðgjafanum 1. nóvbr. 1889 (A, nr. 9, bls. 80—81).

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu, 3.—5. júní 1889.

(Framh.).

- b. Sýsluvegagjaldið úr sama hreppi fyrir 1888, sem heldur eigi er borgað, er talið 72 kr. 6 a., en á að vera 71 kr. 96 a. Með svo felldu móti eru til sem eign við árslok:

Ógoldin sýsluvegasjóðsgjöld:

Úr Þóroddstaðahreppi 1886 . . . . .	kr. 71,39
— sama hreppi 1887 . . . . .	— 69,91
— sama hreppi 1888 . . . . .	— 71,96
— Skriðuhreppi 1888 . . . . .	— 145,21
— Arnarneshreppi 1888 að líkindum, en reiknings-	
haldari hefur eigi tilfært árið . . . . .	— 144,12 kr. 502,59
Í sjóði . . . . .	— 404,77
	Alls kr. 907,36

Amtsráðið bjóst við, að oddviti sýslunefndarinnar gjörði gangskör að því samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar, að nauðsynlegar sýsluvegabætur yrðu framkvæmdar í Ólafsfirði, en upp í kostnaðinn við þær væri vel til fallið, að hin útistandandi sýsluvegagjöld gengju. Hin útistandandi sýsluvegagjöld úr Skriðuhreppi og Arnarneshreppi skal sýslumaður sjá um að sjeu borguð í sýsluvegasjóð fyrir septbr. lok næstkomandi, og beita þvingunarsektum, ef á þarf að halda.

4. Við reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu fann amtsráðið það að athuga, að sýslumaður sem reikningshaldari hafði eigi svarað athugasemdum þeim, sem endurskoðandi sýslunefndarinnar hafði gert við reikninginn. Amtsráðið lagði honum því fyrir að svara athugasemdunum og senda svörin forseta amtsráðsins, sem ráðið fól að úrskurða reikninginn.
5. Við reikninginn úr Norður-Þingeyjarsýslu vantar alveg skýrslur um hverjar 2. dag desbr.mán. 1889.

vegabætur hafi verið unnar fyrir það fje, sem fært er til útgjalda sem vegabótakostnaður. Amtsráð leggur því reikningshaldara fyrir, að bæta úr þessu, og senda þessar skýrslur sem fyrst til forseta amtsráðsins, sem var falið að úrskurða reikninginn þegar til kæmi.

6. Við reikninginn úr Suður-Múlasýslu fannst ekkert að athuga.

Viðvirkjandi sýsluvegasjóðsreikningunum yfir höfuð tók amtsráðið það fram, að þeim skyldu eptirleidis fylgja endurrit af skoðunargjörðum þeim á unnum vegagjörðum, sem gert er ráð fyrir í 24. gr. laga 10. nóvbr. 1887 um vegi, og að tveir af sýslumanni þar til kvaddir menn skyldu framkvæma þessar skoðunargjörðir.

Sýsluvegasjóðsreikningurinn úr Norður-Múlasýslu var ókominn, og fól amtsráðið forseta sínum að úrskurða hann síðar.

Fundi frestað til næsta dags.

21. Forseti framlagði brjef frá stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum, 14. desbr. f. á., þar sem nefndin með samþykki sýslunefndanna í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, gerir sýslunefndunum í Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjar og Norður-Þingeyjarsýslum tilboð um, að ganga í samfjelag um fyrnefndan búnaðarskóla; fylgdi þessu brjefi hjer að lútandi erindi til sýslunefndanna í þessum þremur sýslum, og var þess farið á leit, að amtmaður kæmi þessari málaleitun á framfæri við þær með meðmælum sínum. Síðan hafði þetta mál verið rætt á aðalfundum sýslunefndanna og höfðu sýslunefndirnar í Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu gengið að hinu framkomna tilboði, en sýslunefndirnar í Norður-Þingeyjarsýslu hafnað því algjörlega eins og framlögð endurrit af sýslunefndargjörðabókunum sýndu. Sjerilagi samkvæmt uppástungu sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu voru síðan kosnir 2 fulltrúar úr sýslunefndunum í þessari sýslu og Eyjafjarðarsýslu, svo og í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, til þess á fundi, sem yrði haldinn undir forsæti amtmanns að ræða nákvæmar fyrirkomulagið á sameiningunni um skólahaldið og skilyrðin fyrir henni, en sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hafði enga fulltrúa viljað kjósa. Fulltrúafundur þessi hafði svo verið haldinn í dag, og var framlögð gjörðabók fundarins. Á fundinum voru þessar ályktanir gerðar;

1. Að rjettast væri að láta Norður-Þingeyinga vera utan við skólasambandið að svo stöddu.
2. Að Eyfirðingar og Suður-Þingeyingar gengju í samband við Húnavetninga og Skagfirðinga um sameiginlegt skólahald á Hólum, með þeim kjörum, að því er snertir fjárframlög til skólastofnunarinnar, að til hennar gengi óskertur hluti Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu í búnaðarskólasjóði Norður- og Austur-amtsins og hið árlega búnaðarskólajald þeirra.
3. Að kjósa tvo menn, umboðsmann Ólaf Briem á Álfgaersvöllum og skólastjóra Hermann Jónasson á Hólum, til þess að semja frumvarp til nýrrar reglugjörðar fyrir skólann, er borið skyldi undir hinar 4 sýslunefndir sýslanna í skólasambandinu og síðan lagt fyrir amtsráðið, svo það eptir hinum framkomnu tillögum semdi frumvarp til skólareglugjörðar, er yrði á sínum tíma sent landshöfðingja til staðfestingar með þeim breytingum, er honum sýndist; samt tók fundurinn það fram, að svo væri rjett að kveða á í frumvarpinu um fram-

kvæmdarstjórn skólans, að í henni væru 4 menn, sem væru þannig valdir, að hver sýslunefnd kysi einn mann fyrir sína hönd til 6 ára, en þangað til hin fyrirhugaða nýja reglugjörð næði gildi, skyldi hin núverandi reglugjörð gilda, og hin núverandi stjórnarnefnd hafa á hendi stjórnina á sama hátt og hingað til. 110

Samkvæmt því, sem tilætlazt var tók amtsráðið því næst málefni þetta til umræðu. Ráðið lét í ljós undrun sína yfir því, að sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hefði hafnað því tilboði sem fram hefði komið, sjer í lagi úr því sýslunefndirnar í Suður-Þingeyjarsýslu og Eyjafjardarsýslu vildu sameinast við vestur- sýslur amtsins um skólahaldið, en á hinn bóginn var það álit amtsráðsins, að samþykkis sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu þyrfti alls eigi við til þess, heldur hefði landsstjórnin fullt vald til þess að fyrirskipa, að búnaðarskólinn á Hólum skyldi vera kennslustofnun fyrir allan Norðlendingafjórðung, samkvæmt skýlausum fyrir mælum 1. gr. tilsk. 12. febr. 1872, um stofun búnaðarskóla á Íslandi, og vildi leiða athygli landshöfðingja að því hvort eigi væri nauðsynlegt og rjett, að tekin væri endileg ákvörðun um það fyrir hönd Norður-Þingeyinga hvort þeir eigi skyldu ganga í búnaðarskólasamband annaðhvort við hin önnur fjögur sýslufjellög Norðramtsins eða við Múlasýslurnar en þó heldur hið fyrra. Að öðru leyti fjellst amtsráðið á ályktanir fulltrúafundarins, og vildi mæla með því við landshöfðingja, að hluti Eyjafjardarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu í hinum núverandi búnaðarskólasjóði Norður- og Austuramtsins yrði lagður til búnaðarskólans á Hólum, sem skyldi vera sameiginleg kennslustofnun fyrir Húnavats- Skagafjarðar- Eyafjarðar- og Suður-Þingeyarsýslur og að hið árlega búnaðarskóla gjald úr tveimur síðarnefndum sýslum gengi eptirleidis til skólans.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á fundinum. Fundi slitið.

J. Havsteen. Einar Ásmundsson. Ólafur Briem.

Akureyri, 20. septbr. 1889.

*J. Havsteen.*

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um veitingu prestakalls og 111  
vaurækslu sóknarnefndar á skyldum sínum samkvæmt prestakosningalögnum. — 28. sept.  
Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi dags. 3. p. m. hefur samkvæmt tillögum mínum hans hátign konunginum 26. p. m. þóknast að skipa sóknarprest að Bægisá í Eyjafjarðarprófastdæmi, sjera Arnljót Ólafsson til þess að vera sóknarprest að Saudanesi í Norður-Þingeyjarprófastdæmi og fylgir hjer með veitingarbrjef það, er út hefur verið gefið hauda honum í þessu skyni.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, er veitingarbrjefið óskast sent, skal því viðbætt, að mjer hefur virzt, samkvæmt því, er bæði þjer og biskupinn einnig hafið látið í ljósi, að við veitingu embættis þessa bæri að skoða framkomu hlutadeigandi sóknarnefndar og safnaðar með tilliti til kosningar á sóknarpresti, einkum þegar á það er litið, að aðgjörðareysi sóknarnefndarinnar hafði eigi í för með sjer neina kæru frá safnaðarinnar hálfu, sem yfirlýsingu um að söfnðurinn hirti eigi um að neyta kostningarrjettar síns, sem honum þó samkvæmt lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða frá 8. jan. 1886 hafði verið gefið fullt tækifæri til. Í sambandi við þetta skal jeg einnig þjónustusamlega skora á yður þóknanlega að hlutast til um, að það fyrir milligöngu hlutadeigandi